

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi sveitarfélaganna norðan Skarðsheiðar 1997-2017, Vatnsendi.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 30. júní 2005 staðfest breytingu á svæðisskipulagi sveitarfélaganna norðan Skarðsheiðar 1997-2017 frá 19. febrúar 1998.

Breytingin felst í því að tveggja ha landbúnaðarsvæði neðan Skorradalsvegur nr. 508 og 13 ha svæðis til útivistar norðan vegar er breytt í svæði fyrir frístundabyggð.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki hreppsnefndar Skorradalshrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 30. júní 2005.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

REGLUR

um breytingu á reglum um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga, nr. 295/2003.

1. gr.

a-liður 1. gr. reglnanna verður svohljóðandi:

Með greiðslu upphæðar, sem samsvarar eðlilegum kostnaði sveitarfélaga við könnun á hagkvæmni sameiningar, kynningu á sameiningartillögu og framkvæmd atkvæðagreiðslu. Heimilt er að inna slíka greiðslu af hendi þótt undirbúningsvinna leiði ekki til sameiningar sveitarfélaga.

2. gr.

b-liður 1. gr. reglnanna verður svohljóðandi:

Með greiðslu upphæðar sem nemur eðlilegum kostnaði við framkvæmd sameiningar, þ.m.t. vegna aðkeyptrar vinnu við reikningsuppgjör og sameiningu á bókhaldi.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. reglnanna:

- Í a-lið bætast orðin „í fjögur ár eftir sameiningu“ á eftir orðinu „framkvæmdastjóra“.
- Í c-lið koma orðin „í allt að fimm ár frá sameiningu“ í stað orðanna „fyrstu fjögur árin eftir sameiningu“.

4. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 98. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, með síðari breytingum, og a-lið 11. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum, og öðlast þær þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 15. júní 2005.

Árni Magnússon.

Guðjón Bragason.

SAMÞYKKTIR

fyrir Veiðifélag Hornafjarðar.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Hornafjarðar. Heimili þess og varnarþing er sama og formanns félagsins.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að á eða stöðuvatni sem liggur að Hornafjarðarósi, en þær eru: Hafnarnes 1, Hafnarnes 2, Horn 1, Horn 2, Dynjandi, Þinganes, Grænahraun, Sauðanes, Hagi, Dilksnes, Hjarðarnes, Ártún, Hólar, Dýhóll, Seljavellir, Akurnes, Árnanes 1, Árnanes 2, Árnanes 3, Árnanes 4, Borgir, Meðalfell 1, Meðalfell 2, Fornustekkar, Austurhóll, Brekkubær, Grund, Bjarnanes 1, Bjarnanes 2, Miðsker, Ás, Stapi, Stapi, Stóralág, Lindarbakki, Krossbær, Setberg 1, Setberg 2, Setberg 3, Hoffell 1, Hoffell 2, Miðfell, Svínafell, Flatey 1, Flatey 2, Holtasel, Tjörn, Kyljarholt, Hólabrekka, Holtahólar, Stóraból, Stóraból, Einholt, Borg, Nípugarðar, Bakki, Hólmur, Hólmur, Brunnhóll, Árbær, Lambleksstaðir, Viðborðssel, Viðborðssel, Viðborð, Rauðaberg 1, Rauðaberg 2 og Hlíðarberg.

Atkvæðisrétt hafa eingöngu jarðir, sem metnar voru til verðs í fasteignamati sem var í gildi við gildistöku laxveiðilaganna 25. júní 1970.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og að ráðstafa veiði eftir því sem aðalfundur samþykkir. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

Innan félagsins starfa tvær deildir sem fara með veiðimál hver á sínu veiðisvæði. Deildirnar eru:

- Laxárdeild Veiðifélags Hornafjarðar.
- Hoffellsárdeild Veiðifélags Hornafjarðar.

Deildirnar hafa sjálfstæða stjórn en lúta samþykktum Veiðifélags Hornafjarðar.

Deildirnar annast nauðsynlega ræktun og viðhalda góðri fiskgengd, svo og útleigu á veiði á sínu veiðisvæði.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig að formaður gengur